

1938

Frádýr, gimfuglar og kóróna sköpunarverksins.

I.

Af öllum spendýrum eru antilóparnir frástir. Liggur við að sá sem sér hversu hátt þeir stökkva og langt, geti varla trú að sínum eigin augum. Virðist því vel til fallið, að dýr þessi séu nefnd frádýr, og það því fremur sem þetta mun vera hið upphaflega heiti á hjartar-tegund þeirri sem nú er nefnd ráðýr (*Cervus capreolus*). Hefir fyrsti stafurinn fallið þar fram-anaf, einsog t. d. í „lúða“ f. „flúða“, sbr. „flyðra“, og leður f. fleður; sbr. að leðurblaka heitir á þýsku *Fledermaus*.

II.

Kolibrifuglarnir eru í dýra-rikinu eins framúrskarandi að litskrúði og gimsteinarnir í ríki steinanna. Virðist því heppilegt að nefna þá gimfugla. Sbr. það sem um þetta er sagt í ritgerð minni „Glásir“ í apríl-júnihefti þ. á. Eimreiðar. Gimfuglarnir bera ekki síður af um lífsfjör í flokki fuglanna en frádýrin meðal spendýra. En örsmáar eru þessar glásiyerur, svo smáar sumar, að fyrir kemur, að þær geta orðið að bráð þeim köngurlóm sem stærstar eru.

III.

Það virðist ekki allskostar viðeigandi að kalla manninn kórónu sköpunarverksins, þegar þess er gætt, að hann er í verulegum atriðum ófullkonnari en flest og jafnvel öll önnur dýr. Ef vér lítum í líðanina, ánægjuna yfir að lifa, þá er það víst, að jafnvel hinum heilbrigðasta manni líður aldrei líkt því eins; vel og óvöldum hundi eða ketti, og líður þó engu spendýri eins vel og fuglunum, og munu gimfuglarnir bera þar af. Ef vér lítum á sköpunarsögu mannsins frá upphafi þá skiljum vér glögt, að altaf var eitthvað dýrmætt að tapast, og maðurinn varð loks ófarsælasta veran á þessari jörð. Svo miklum erfiðleikum var það bundið, að skapa heila sem gæti hugsað. En þetta á þó ekki svo að vera, og á því verður bót ráðin fullkomlega, þegar lífmagnanarlögmálin eru kunn orðin og mennirnir geta, með því að nota sér þá þekkingu, náð því sambandi sem þarf við hinar æðri verur sem þeir eru kynjaðir frá. En á því að þetta getur orðið, byggist trúin á björgun eða lausn (apo-

lytrósis) mannkyns. Eru þau tímamót er sú breyting hefst, vitanlega meiri en nokkur sem verið hafa áður í sögu lífsins á jörðinni. En slík tímamót eru einmitt nú.

6. dec.

Helgi Pjeturss.

LEIÐRÉTTING.

Í greininni Útvarpsráðið og réttlætið, Viðir 7. þ. m.) hafði bagalega fallið úr orð. Á að vera þannig: Og er það ekki hyggilegt, að mefa að engu þær spár, sem fram hafa komið um að einmitt héðan frá Íslandi muni fyrst birtu bera þar yfir.

Helgi Pjeturss.

3/13.12